

4. Biðskylda (samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga) er á Grundarvegi við Brekkustíg.
  5. Bolafótur verður aðalbraut og umferð aðliggjandi gatna nema Reykjanesbrautar háðar biðskyldu samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
  6. Sjávargata verður aðalbraut og umferð aðliggjandi gatna háðar biðskyldu samkvæmt 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
  7. Biðskylda (samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga) er á Stapagötu við Kirkjubraut.
  8. Biðskylda (samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga) er á Háseylu við Akurbraut.
- Reglur þessar taka gildi 1. júlí 1982.

*Lögreglustjórinn í Njarðvík, 8. júní 1982.*

**Jón Eysteinnsson.**

## AUGLÝSING

### um umferð í Hvolhreppi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Hvolhrepps, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Hvolhreppi.

1. Umferð um Austurveg skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Hvolsvegi, sbr. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
2. Umferð um Hlíðarveg skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð af Vallarbraut, Hvolsvegi, Nýbýlavegi og Ormsvelli, sbr. ákv. 2., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. júní 1982.

*Sýslumaður Rangárvallasýslu, 17. apríl 1982.*

**Böðvar Bragason.**